

EFNISYFIRLIT

2 STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA

3 ÁRANGURSRÍKT SAMKEPPNISEFTIRLIT

5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI
SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2004
SAMKEPPNISSVIÐ

7 MARKAÐSMÁLASVIÐ

9 GAGNSÆI MARKAÐARINS

10 AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI

11 SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMÍÐLUM
1.169 FRÉTTIR OG GREINAR Á ÁRINU 2004

13 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

14 BIRTAR KANNANIR
SAMKEPPNISSTOFNUNAR

15 REKSTRARKOSTNAÐUR

15 ÞJÓNUSTUVÍSAR

15 SKIPURIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR

16 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN
SAMKEPPNISSTOFNUNAR

► STaðA OG HLUtVERK SAMKEPPNISYFIRVALDA

Samkeppnisyfirvöld, þ.e. samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun, heyra undir viðskiptaráðuneyti og starfa samkvæmt samkeppnislögum nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafa stefnumarkandi eða víðtæk áhrif. Ráðið tekur jafnframt ákvarðanir um aðgerðir, bönn og sektir á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þá annast stofnunin samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla. Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða og er falið ákvörðunarvald á afmörkuðum sviðum. Samkeppnisstofnun annast jafnframt eftirlit með lögum um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga, rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Hægt er að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til sjálfstæðrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun annast málflytning fyrir hönd samkeppnisráðs fyrir áfrýjunarnefnd.

▶ ÁRANGURSRÍKT SAMKEPPNISEFTIRLIT – Georg Ólafsson

Nýleg úttekt Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á framkvæmd og fyrirkomulagi samkeppniseftirlits á Íslandi á undanförunum árum leiddi í ljós að starfið hafi verið árangursríkt. Mörg mikilvæg mál hafi verið tekin til umfjöllunar og við ákvarðanir hafi sjálfstæði í vinnubrögðum og fagleg sjónarmið verið höfð í heiðri. Þá hafi stjórnsýslan í samkeppnismálum verið skilvirk.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem íslensk samkeppnisyfirköld fá góða einkunn hjá alþjóðastofnun en það er ávallt fagnaðarefni þegar störf okkar eru metin á þeim vettvangi og hefur hvatt okkur til að halda ótrauð áfram á sömu braut.

Það sem setti mestan svip á starfseminu á sl. ári var lokaúrvinnsla olíumálsins. Við upphaf þess máls óraði engan fyrir hve gríðarlega víðtækt það væri. Ekki aðeins umfang samráðsins heldur einnig hve margir hópar í þjóðfélaginu urðu fyrir barðinu á samráðinu. Þannig skaðaði samráðið ekki aðeins hinn almenna neytanda beint heldur einnig fyrirtæki, stór og smá, ríki og sveitarfélög.

Það fór ekki hjá því að olíurannsóknin reyndi á þolrif Samkeppnisstofnunar. Meðan á rannsókninni stóð þurfti óhjákvæmilega að færa önnur mál aftar í forgangs röðina og jafnvel vísa málum tímabundið frá. En með vísbendingar í höndunum um alvarleg samkeppnislagabrot á markaði þar sem ríkir neytendahagsmunir voru í húfi töldum við okkur verða að bregðast við. Láí okkur hver sem vill. Við teljum að í ljós hafi komið að okkar mat var rétt.

Blikur eru á lofti um skipan þeirra málaflokka sem Samkeppnisstofnun fer með. Er ætlunin að færa málaflokkana í tvær nýjar stofnanir og leggja þar með Samkeppnisstofnun niður. Vonandi er að vel takist til með þessar breytingar og að árangursrík starfsemi verði á þessum sviðum hér eftir sem hingað til.

► YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR

● SAMKEPPNISVIÐ

Í síðustu ársskýrslum hefur verið vikið að því að störf á samkeppnisviði Samkeppnisstofnunar hafi allt frá lokum ársins 2001 markast af rannsókninni á því sem þá var fjallað um sem meint brot olíufélaganna á ákvæðum samkeppnislaga. Þá hafa önnur umfangsmikil mál, rannsóknin á meintum samkeppnishindrunum á váttryggingamarkaði og athugun á meintri misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu félagsins í sjóflutningum, vegið þungt í störfum samkeppnisviðs á liðnum árum. Ummæli af áðurnefndum toga áttu ekki síður við um árið 2004 en árin þar á undan því að höfuðáhersla var lögð á að ljúka við sem mest af hinum umfangsmiklu málum svo koma mætti rekstri samkeppnisviðs í sem „eðlilegast horf“ á ný. Það hefur leitt til þess að fjöldi óafgreiddra mála hefur hrannast upp þar sem ekki hefur gefist tími til að sinna þeim vegna áðurnefnds annríkis við umfangsmiklu málin. Formlegar ákvarðanir samkeppnisráðs voru af framangreindum ástæðum færri en endranær eða 29 alls. Hafa þær að jafnaði verið 40-50 á ári hverju. Af ákvörðunum sem teknar voru á árinu 2004 varða 16 samkeppnismál. Eftir sem áður lauk Samkeppnisstofnun allmörgum málum sem ekki eru þess eðlis að samkeppnisráð fjalli um þau. Var um svipaðan fjölda slíkra mála að ræða árið 2004 og árin þar á undan.

Ákvarðanir

Að mati Samkeppnisstofnunar má nefna fjórar stefnumarkandi ákvarðanir samkeppnisráðs frá árinu 2004 sem lúta að samkeppnismálum. Það verður að teljast athyglisvert að þrjár af þessum fjórum stefnumótandi ákvörðunum varða ólöglegt samkeppnishindrandi samstarf fyrirtækja. Ein ákvörðunin fjallaði um fyrirtækjasamruna.

Ef ákvarðanirnar sem ástæða er til að fjalla um sérstaklega eru raktar í tímaröð ber fyrst að nefna ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004, *Ólöglegt samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Lögmannafélagið (LMFÍ) lét á árunum 2001-2002 semja kostnaðargrunn fyrir lögmannsstofur. Í nóvember 2002 birti LMFÍ félagsmönnum kostnaðargrunninn með upplýsingum um hvert tímagjald lögmannna þyrfti að vera að lágmarki miðað við þann kostnað sem birtist í grunninum. Það var mat samkeppnisráðs að LMFÍ hafi með athæfi sínu hvatt til hækkunar og samræmingar á gjaldskrá lögmannna og brotið með því gegn 12. gr. samkeppnislaga. Þar er lagt bann við því að samtök fyrirtækja ákveði samkeppnishömlur sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum, t.d. verðsamráð keppinauta. Með vísan til þess að verðsamráð er ein alvarlegasta tegund samkeppnislagabrota, svo og vegna þess að LMFÍ hafði áður verið sýnað um undanþáguheimild til tiltekins verðsamstarfs, þótti samkeppnisráði ástæða til að leggja 3,5 m.kr. sekt á LMFÍ sem renna skyldi í ríkissjóð.

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2004, *Rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska váttryggingamarkaðnum*, lauk rannsókn sem hófst með húsleit hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) og Íslenskri endurtryggingu hf. (ÍE) í september 1997. Rannsókn málsins var mjög umfangsmikil og náði m.a. til rekstrar á samsteypum tryggingafélaganna og samstarfs innan hagsmunasamtaka félaganna. Þá tók rannsóknin einnig til iðgjaldaáákvæðana vegna bifreiðatrygginga. Aðilar málsins, SÍT, ÍE, Sjóvá- Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Váttryggingafélag Íslands hf., sættust á niðurstöðu rannsóknarinnar og að hlíta þeim fyrirmælum sem samkeppnisráð beindi til þeirra. Í ákvörðun samkeppnisráðs sem málsaðilar fallast á segir m.a. að innan SÍT hafi á ýmsum sviðum verið farið út fyrir þann ramma sem samkeppnislög setja samstarfi

fyrirtækja í hagsmunasamtökum. Þá hafi innan Íslenskrar endurtryggingar átt sér stað samkeppnishamlandi samvinna á váttryggingamarkaði. Í ákvörðuninni segir að ekki hafi verið sýnt fram á að í iðgjaldabreytingum á ökutækjatrýggingum á árunum 1996 og 1999 hafi falist ólöglegt samráð eða samstilltar aðgerðir. Loks er það mat samkeppnisráðs að rannsókn samkeppnisyfirvalda á váttryggingamarkaðnum hafi þegar leitt til þess að tryggingafélögin hafi tekið til endurskoðunar samskipti sín og samstarf með ákvæði samkeppnislaga og markmið að leiðarljósi. Til að koma í veg fyrir röskun á váttryggingamarkaði sættust málsaðilar á að fara að tilteknum skilyrðum sem samkeppnisráð setti þeim. Skilyrði þessi lúta að stjórnarsetu í hagsmunasamtökum á tryggingamarkaðnum, skorðum við öflun og miðlun upplýsinga hjá hagsmunasamtökum og takmörkun á opinberu fyrirsvari hagsmunasamtaka.

Þriðja ákvörðun ársins 2004 sem fjallaði um ólöglegt samstarf á markaði og ekki sú minnsta var um sk. olíumál. Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004, *Ólöglegt samráð Kers hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverslunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Bensínorkunnar ehf.*, lauk umfangsmestu rannsókn samkeppnisyfirvalda frá því samkeppnislög tóku gildi. Er ólíklegt að umfangsmeira mál muni nokkru sinni reka á fjörur samkeppnisyfirvalda. Til vitnis um umfangið skal á það bent að ákvörðun samkeppnisráðs er sett fram á 966 blaðsíðum og úrskurður áfrýjunarnefndar um málið á 256 blaðsíðum. Mjög mikið var fjallað um málið í fjölmiðlum þegar það var kynnt enda var með því upplýst um langvarandi, skipulagða og víðtæka brotastarfsemi olíufélaganna á Íslandi. Taldi samkeppnisráð ástæðu til að sekta olíufélögin samanlagt um 2,6 milljarða króna enda næmi sannanlegur ávinningur félaganna af brotum á samkeppnislögum hærri fjárhæð. Áfrýjunarnefnd staðfesti í öllum meginatriðum niðurstöðu samkeppnisráðs í málinu en lækkaði sektir niður í um 1,5 milljarða króna. Vegna hinnar miklu og almennu opinberu umfjöllunar um málið í fjölmiðlum verður látið nægja hér að vísa á fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar frá 29. október 2004, annars vegar undir titlinum *Samantekt: Ólöglegt samráð Olíufélagsins, Olíuverslunar Íslands, Skeljungs og Orkunnar*, hins vegar með heitinu *Þung viðurlög vegna langvarandi ólöglegs samráðs olíufélaganna*. Þá skal bent á fréttatilkynningu Samkeppnisstofnunar frá 31. janúar 2005 í tilefni af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála um málið.

Í takti við hina síauknu samþjöppun sem vart verður í íslensku viðskiptalífi berast Samkeppnisstofnun margar samrunatilkynningar í samræmi við reglur þar um. Nokkur vinna fer í það að kanna stöðu þeirra sem að samruna standa og hugsanleg áhrif samruna. Í tiltölulega fáum tilvikum gefa samrunamál sem tilkynnt hefur verið um þó tilefni til íhlutunar samkeppnisyfirvalda. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2004, *Samruni verslunarsviðs Tæknivals hf. við Norðurljós hf. (Skífuna hf.), samruni Fréttar ehf. við Norðurljós, fjárhagsleg endurskipulagning Norðurljósa*, greip ráðið til þess að setja samrunanum skilyrði. Það var mat samkeppnisráðs að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu félaga undir yfirráðum Baugs og Fengs/Fons á heildsölu- og smásöluarkaði hljómdiska, mynddiska og tölvuleikja, eða að slík staða styrktist. Samruninn myndi draga úr samkeppni á þessum mörkuðum og væri hann því andstæður markmiði samkeppnislaga og hagsmunum neytenda. Samrunaaðilar seldu með hliðsjón af þessu allt hlutafé í Skífunni til ótengdra aðila. Fóru í kjölfarið fram viðræður milli samrunaaðila, nýrra kaupenda Skífunnar og samkeppnisyfirvalda um skilyrði fyrir samruna verslunarsviðs Tæknivals við Skífuna. Leiddu viðræðurnar til þeirrar niðurstöðu að samkeppnisráð setti samrunanum skilyrði í ákvörðun sinni. Að uppfylltum umræddum skilyrðum taldi samkeppnisráð að skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni yrði eytt.

Samkeppnisráð taldi að þeir markaðir sem samruninn hefði einkum áhrif á væru heildsölu- og smásölu markaðir hér á landi fyrir tónlist á geisladiskum, mynddiska (DVD myndir) og tölvuleiki. Áður en til samrunans kom hafði Skífan yfirburðastöðu á viðkomandi heildsölumörkuðum en breyting vegna samrunans varð tiltölulega lítil á því sviði. Sýnt þótti að áhrif samrunans kæmu fyrst og fremst fram á smásölustigi en þau lýstu sér annars vegar í því að markaðshlutdeild Skífunnar, sem var veruleg fyrir, styrktist með yfirtöku á verslunum BT. Hins vegar fælust áhrifin í því að Baugur Group o.fl. myndu öðlast sameiginleg yfirráð yfir Skífunni en Baugur fer með yfirráð í Högum (sem reka m.a. Hagkaups- og Bónusverslanir). Verslanir Haga voru áður helsti keppinautur Skífunnar á smásölu mörkuðum. Samruninn, eins og hann var upphaflega ákveðinn og tilkynntur af samrunaaðilum, hefði því leitt til þess að tveir helstu keppinautar á smásölu mörkuðum, þar sem veruleg samþjöppun var fyrir, yrðu undir yfirráðum sömu félaga og yrði að líta á þá sem einn aðila. Samruninn hefði því að óbreyttu haft í för með sér óviðunandi samþjöppun á markaðnum og röskun á samkeppni til tjóns fyrir neytendur.

Salan á Skífunni til ótengds aðila hafði umtalsverð áhrif á mat samkeppnisráðs á samkeppnislegum áhrifum samrunans og var, ásamt þeim skilyrðum sem samkeppnisráð setti, forsenda þess að unnt var að fallast á samrunann. Með söluinni var verulega dregið úr markaðshlutdeild samrunaaðila og það forskot sem Skífan óhjákvæmilega naut vegna tengsla við hljóðvarps- og sjónvarpsrekstur Norðurljósa var ekki lengur fyrir hendi.

Skilyrðin sem sett voru fólu m.a. í sér að Skífan skyldi aðskilja heildsölu og smásölu félagsins, a.m.k. hvað varðar heildsölu og smásölu á tónlist, mynddiskum og tölvuleikjum. Verð og kjör Skífunnar heildsölu í viðskiptum við endurseljendur affreyngarefnis skyldu vera almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem ættu í samskonar viðskiptum við Skífuna heildsölu skyldu njóta sömu kjara. Ýmis önnur atriði fólust í skilyrðunum en markmið þeirra var m.a. að tryggja að viðskipti milli heildsölu- og smásöluviðs Skífunnar yrðu eins og um óskylda aðila væri að ræða og vernda samkeppni á heildsölu- eða smásölu markaði.

Að lokum má nefna bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/2004, *Krafa um að beitt verði íhlutun gagnvart Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.* Nokkurt ósætti hafði verið með Íslenskum markaði hf. og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE) sem m.a. leiddi til kvörtunar þess fyrrnefnda yfir útboðsferli og –skilmálum FLE á árinu 2002 (ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003). Þegar FLE sagði upp leigusamningi við Íslenskan markað með þriggja mánaða fyrirvara 30. apríl 2004 þótti þeim síðarnefnda réttur á sér brotinn og óskaði eftir íhlutun samkeppnisyfivalda. Samkeppnisstofnun tók bráðabirgðaákvörðun sem kvað á um að FLE hefði með uppsögn leigusamningsins við Íslenskan markað brotið gegn samkeppnislögum og fyrri ákvörðun. Áður en til endanlegrar ákvörðunar kæmi af hálfu samkeppnisráðs keypti FLE alla hluti í Íslenskum markaði og var málinu með því lokið fyrir samkeppnisyfivöldum.

Annað

Auk þess að rannsaka og undirbúa mál til umfjöllunar í samkeppnisráði sem varða hugsanlegar samkeppnishömlur tekur Samkeppnisstofnun til varnar fyrir hönd samkeppnisráðs þegar málum er skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fer allmikil vinna í undirbúning mála sem nefndin fjallar um. Á árinu 2004 úrskurðaði áfrýjunarnefnd í fjórum samkeppnismálum og munar þar mestu um úrskurðinn í olíumálinu.

Á vegum norrænna samkeppnisfirvalda er á stundum unnið sameiginlega að rannsóknum á mörkuðum sem varða ríka hagsmuni í öllum löndunum. Sem dæmi má nefna að á árinu 2004 var lokið við rannsókn á norrænum fjarskiptamarkaði sem gefin var út í skýrslu, *Report from the Nordic competition authorities no. 1/2004, Telecompetition; Towards a single Nordic market for telecommunication services?* Á árinu 2004 hófst rannsókn á samkeppnisaðstæðum á norrænum matvörumörkuðum og er gert ráð fyrir að niðurstaða þeirrar rannsóknar verði birt haustið 2005.

● MARKAÐSMÁLASVIÐ

Markaðsmálasvið Samkeppnisstofnunar hefur með höndum eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. VI. kafla samkeppnislaga. Þá hefur markaðsmálasvið eftirlit með ýmsum sérlögum sem stofnuninni hefur verið falið eftirlit með, þ.e. lögum um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Á árinu 2004 komu til afgreiðslu markaðsmálasviðs 125 mál en þá eru ekki talin mál vegna rafrænna viðskipta sem fjallað er um sérstaklega hér síðar. Eru þetta færri mál en undanfarin ár þegar að jafnaði hafa verið afgreidd um 150 mál. Flest mála markaðsmálasviðs eru afgreidd beint af Samkeppnisstofnun með tilmælum, ábendingum eða sátt. Samkeppnisráð tók ákvörðun í 14 málum og var tveimur þeirra áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Ákvarðanir

Af ákvörðunum samkeppnisráðs á sviði markaðsmála telur Samkeppnisstofnun að ákvörðun nr. 11/2004, *Erindi Neytendasamtakanna í tilefni auglýsingabæklings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis*, teljist stefnumarkandi. SPRON gaf út auglýsingabækling þar sem langtímalán voru kynnt neytendum og kvörtuðu Neytendasamtökin yfir að upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar kæmu ekki fram í bæklingnum. SPRON hélt því fram að nægjanlegt væri að lántaki hefði aðgang að upplýsingunum á starfsstöð en í bæklingnum voru neytendur hvattir til að ráðfæra sig við þjónustufulltrúa. Árleg hlutfallstala kostnaðar mælir heildarkostnað við lántöku án tillits til þess hvar lán er tekið og gefur neytanda færi á að bera saman kostnað við lántöku hjá mismunandi aðilum. Í 13. gr. laga um neytendalán kemur fram að í auglýsingum og á starfsstöð lánveitanda sé skylt að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Samkeppnisráð taldi að ekki yrði annað af lagagreininni ráðið en að það væri fortakslaus skylda lánveitanda að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar bæði á starfsstöð og í auglýsingum. Hafi SPRON því borið að upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar í auglýsingabæklingnum.

Eins og fram kom í ársskýrslu ársins 2003 hefur fjölgað mjög málum sem varða firmanöfn og önnur auðkenni fyrirtækja, þ. á m. lénnöfn og villandi notkun slíkra nafna og merkja. Alls tók samkeppnisráð þrjár ákvarðanir í slíkum málum, meðal annars ákvörðun nr. 25/2004, *Kvörtun Merkingar ehf. yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is*. Merking ehf. átti lénið merking.is og keppinauturinn Merki og myndhönnun ehf. skráði síðar lénið merkingar.is. Að mati samkeppnisráðs er það að nota fleirtölumynd nafns og léns keppinautarins ekki nægilegt til að aðgreina fyrirtækin og í raun sé um sama orðið að ræða. Þá sé óumdeilt að ruglingur hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna vegna lénnafnanna. Samkeppnisráð bannaði því Merki og myndhönnun ehf. notkun lénnafnsins merkingar.is. Merki og myndhönnun ehf. áfrýjaði ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem í úrskurði nr. 5/2004 féllst að öllu leyti á röksemdafærslu samkeppnisráðs og staðfesti ákvörðunina.

Tvær ákvarðanir samkeppnisráðs, nr. 27/2004 og 28/2004, fjalla um auglýsingar þar sem orðin frítt og ókeypis koma fyrir. Það voru Landssími Íslands hf. og Og fjarskipti hf. sem notuðu orðin í auglýsingum við að kynna einstaka þjónustubætti fyrirtækjanna fyrir neytendum en í reynd var um að ræða þjónustu sem greitt er fyrir með gjaldi fyrir aðra símaþjónustu. Samkeppnisráð bannaði fyrirtækjunum að gefa til kynna í auglýsingum að þjónusta sé að kostnaðarlausu ef greiða þurfi fyrir einhvern þátt hennar.

Rafræn viðskipti

Samkeppnisstofnun var með lögum nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu falið eftirlit með þeim ákvæðum laganna sem lúta að upplýsingaskyldu þeirra sem láta í té rafræna þjónustu. Eitt af markmiðum lagasetningarinnar er að efla traust til rafrænnar þjónustu meðal annars með því að skylda þann sem veitir þjónustu á Internetinu til að gefa tiltekna staðlaðar lágmarksupplýsingar um sig. Neytendavernd í rafrænum viðskiptum skal þannig ekki vera lakari en í hefðbundnum viðskiptum.

Samkeppnisstofnun fékk til verksins fjárveitingu sem nemur 1/3 af ársverki og er það í fyrsta sinn sem stofnuninni hefur verið veitt sérstök fjárveiting með sérlægum sem henni hefur verið falið eftirlit með.

Í júní 2004 lauk fyrsta áfanga eftirlitsins og voru alls um 10.000 lén yfirfarin á rótarléninu .is og kom í ljós að verulega skorti á að þeir sem láta í té rafræna þjónustu uppfylli lögákvæða upplýsingaskyldu sína. Könnunin leiddi einnig í ljós að upplýsingagjöf þeirra sem selja vöru og þjónustu til neytenda á Netinu var jafnframt verulega ábótavant samkvæmt lögum nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga sem Samkeppnisstofnun hefur einnig eftirlit með.

Af þeim lénum sem undir lögin falla reyndust það vera tæplega 2.500 lén fyrirtækja, félaga og einstaklinga þar sem upplýsingum var ábótavant, sbr. lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Um var að ræða stór fyrirtæki jafnt sem lítil en almennt virðast ákvæði laganna hafa verið lítið þekkt. Samkeppnisstofnun tók jafnframt saman og birti á vefsvæði stofnunarinnar annars vegar samantekt um lögin sem ætluð eru þjónustuveitendum og hins vegar yfirlit yfir nokkur atriði sem neytendur ættu að hafa í huga við kaup á vöru og þjónustu á Internetinu. Samantektirnar voru kynntar ýmsum samtökum atvinnurekenda og Neytendasamtökunum áður en þær voru birtar opinberlega.

Samkeppnisstofnun sendi fyrirnefndum 2.500 fyrirtækjum, félögum og einstaklingum rafræna orðsendingu þar sem vakin var athygli á að upplýsingar á vefsíðum þeirra væru ekki í samræmi við lög og þeim jafnframt bent á að koma upplýsingagjöf sinni í rétt horf. Orðsending Samkeppnisstofnunar var almenn ábending til þjónustuveitenda og þeim bent á að kynna sér samantekt stofnunarinnar. Jafnframt var boðið upp á að hafa samband við starfsmenn Samkeppnisstofnunar beint og fá nánari útskýringar. Í kjölfar orðsendingarinnar bárust stofnuninni alls tæplega 700 símtöl og tölvupóstar þar sem óskað var frekari upplýsinga og voru það umtalsvert fleiri fyrirspurnir en gert hafði verið ráð fyrir. Almenn var gerður mjög góður rómur að framtaki Samkeppnisstofnunar og töldu flestir það lítið mál að koma málum sínum í lag.

Rafræn viðskipti geta haft marga kosti í för með sér fyrir neytendur. Viðskiptin geta verið hentugri og ódýrari en hefðbundin viðskipti. Tiltrú neytenda á rafrænum viðskiptum hefur afgerandi áhrif á þróun viðskiptanna og skiptir þar mestu að neytendur treysti þeim sem að þeim standa. Grundvöllur slíkra viðskipta er að þjónustuveitandinn veiti aðgengilegar og ítarlegar upplýsingar um sig. Þá verður neytandinn einnig að vera nægjanlega upplýstur um vöruna og þjónustuna, verð, greiðslu- og afhendingarskilmála, kvörtunar- og skilarétt ásamt tæknilegu öryggi. Notendavænar vefsíður skipta því miklu máli við val neytenda á verslunarstað. Í þessu sambandi skal tekið fram að samningar sem gerðir eru við neytendur um sölu á vöru og/eða þjónustu á Internetinu og uppfylla ekki ákvæði húsgöngu- og fjarsölulaganna eru ekki skuldbindandi fyrir neytendur. Þá hafa neytendur í 14 daga heimild til þess að falla frá kaupum án þess að tilgreina nokkra ástæðu eða greiða viðurlög þegar kaup fara fram á Netinu eða í annarri fjarsölu, svo sem símasölu.

ANNAD

Starfsmenn markaðsmálasviðs tóku sem fyrr þátt í norrænu samstarfi á sviði neytendamála á árinu 2004.

● GAGNSÆI MARKAÐARINS

Samkvæmt VII. kafla samkeppnislaga 31. til 34. gr. ber Samkeppnisstofnun að hafa eftirlit með gagnsæi markaðarins. Tilgangurinn er að stuðla að og efla virka samkeppni og auðvelda bæði neytendum og fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir markaðinn. Því gagnsærri sem markaðurinn er, þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni. Í samkeppnislögum eru heimildarákvæði til handa Samkeppnisstofnun um að setja reglur um verðmerkingar. Heimildir stofnunarinnar eru víðtækar og hafa samkvæmt þeim verið settar ýmsar reglur sem flestar hafa það að markmiði að gera markaðinn gagnsærri. Þá hafa og á grundvelli þessara lagagreina verið settar ýmsar reglur sem snúa að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Verðkannanir

Á liðnu ári voru gerðar allmargar kannanir, bæði á vöru og þjónustu. Meðal verðkannana má nefna verðkönnun á nokkrum gjaldliðum fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum. Könnunin náði til allra starfandi tannlækna á Íslandi. Helstu niðurstöður sýndu að mikill verðmunur reyndist vera á milli einstakra tannlækna. Þá sýndu niðurstöður einnig að meðalverð hjá tannlæknum var í flestum tilvikum mun hærra en verð samkvæmt gjaldskrá þeirri sem Tryggingastofnun notar við endurgreiðslu sjúkratryggðra einstaklinga. Þá var birting gjaldskrár á biðstofum og tannlæknastofum stórlega ábótavant. Að lokum má nefna að meðalverð á höfuðborgarsvæðinu var nánast það sama og meðalverð á landsbyggðinni.

Samkeppnisstofnun hefur um nokkurra ára skeið gert mánaðarlegar verðkannanir á grænmeti og ávöxtum. Í febrúar birti Samkeppnisstofnun niðurstöður verðkönnunar á grænmeti og ávöxtum ásamt samanburði við sambærilegar kannanir í febrúar 2003 og 2002. Könnunin sýndi að meðalverð einkum á tilteknum tegundum innflutts grænmetis var talsvert hærra í febrúar 2004 en á sama tíma árið áður. Þó kom fram að meðalverð á öllum tegundum grænmetis og ávaxta var lægra í febrúar

2004 en í febrúar 2002, áður en niðurfelling tolla á grænmeti kom til framkvæmda. Í ljósi þess ákvað Samkeppnisstofnun að kanna verðmyndun á innfluttu grænmeti í febrúar 2003 og 2004. Jafnframt var með bréfi landbúnaðarráðherra farið þess á leit að stofnunin skoðaði ofan í kjölinn hver skýringin á verðhækkun grænmetis á þessu ári væri. Niðurstöður sem birtar voru í apríl sýndu að engin einhlít skýring var á þessum hækkunum.

Verðmerkingar

Töluvert átak hefur verið gert í því að reglum um verðmerkingar sé fylgt. Eftirlit með verðmerkingum er margþætt, en tryggja þarf að verðmerkingar á vöru og þjónustu séu með þeim hætti að neytandinn geti nýtt sér upplýsingarnar. Verulegur árangur sást í verðmerkingum í sýningargluggum á árinu.

Á undanförunum árum hefur Samkeppnisstofnun reglulega kannað verðmerkingar í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi og birt niðurstöður. Tilgangur þessara kannana hefur verið að athuga verðmerkingar í hillu og hvort samræmi væri milli verðmerkingar í hillu og verðs við afgreiðslukassa. Á árinu kannaði stofnunin verðmerkingar á rúmlega 15 þúsund vörum í 76 matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður sýndu ósamræmi í 5,5% tilvika. Þessi niðurstaða er mjög svipuð og niðurstaðan var árið 2003 en með stöðugu eftirliti hafa verðmerkingar í matvöruverslunum batnað verulega á síðustu árum. Auk þessara athugana í matvöruverslunum gerir stofnunin einnig slíkar athuganir í byggingavöruverslunum og í verslunum olíufélaganna.

Á árinu tóku gildi reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna (nr. 446/2004). Reglur þessar voru settar í kjölfar verðkönnunar stofnunarinnar hjá tannlæknum en könnunin sýndi að birting gjaldskrár á biðstofu tannlækna heyrði til undantekningar. Þessum reglum er meðal annars ætlað að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Samkvæmt samkeppnislögum ber tannlæknum að hafa uppi gjaldskrá, bæði inni á tannlæknastofu sem sýnir verð á öllum aðgerðarliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni sem og útdrátt úr gjaldskránni á biðstofu þar sem greint er frá verði á helstu gjaldliðum. Í reglunum er einnig ákvæði um að tannlæknar geri skriflega áætlun um heildarkostnað ef ætla má að tannmeðferð kosti yfir 100 þúsund krónur. Þá þurfa tannlæknar að afhenda neytanda sundurliðaðan reikning í samræmi við gjaldskrá þannig að neytandinn geti á auðveldan hátt séð hvaða meðferð hefur verið framkvæmd.

● AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar tóku sem fyrr þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði samkeppnis- og neytendamála á árinu 2004.


Aftar í skýrslunni er að finna yfirlit yfir allar ákvarðanir samkeppnisráðs árið 2004 ásamt helstu könnunum sem Samkeppnisstofnun gerði. Ákvarðanir í heild sinni, auk ýmissa upplýsinga um starfsemi Samkeppnisstofnunar, er að finna á vefsvæði stofnunarinnar, www.samkeppni.is. Ákvarðanir samkeppnisráðs, kannanir sem og fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar birtast einnig á vefsvæði stofnunarinnar um leið og slíkt efni er gefið út.

SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMIÐLUM

Fjallað var um Samkeppnisstofnun 1.169 sinnum í fjölmiðlum á árinu 2004 í samanburði við 1.139 umfjallanir árið á undan. Samkvæmt greiningu Fjölmiðlavaktarinnar ehf. skiptist umfjöllunin þannig að 832 sinnum var fjallað um stofnunina í prentmiðlum og 337 sinnum í ljósvakamiðlum. Hefur umfjöllunin minnkað í prentmiðlum en aukist að sama skapi í ljósvakamiðlum. Langoftast var fjallað um Samkeppnisstofnun í nóvember, í kjölfar þess að ákvörðun samkeppnisráðs um málefni olíufélaganna var birt.

Umfjöllunin var greind í sex flokka eftir því hvaðan umræðan var upprunnin og þannig reynt að festa hendur á hverjir það voru sem fjölluðu oftast um málefni stofnunarinnar. Af heildarumfjölluninni var ekki rætt við neinn eða vísað til í 44,1% tilvika en sama hlutfall var 37,8% árið á undan. Rætt var við talsmenn atvinnulífsins í 19,2% tilvika, sem er svipað hlutfall og árið á undan, við stjórnámamenn í 16,1% tilvika og opinbera aðila í 11,3% tilvika en hvort tveggja er lægra hlutfall en árið á undan. Umfjöllunin átti uppruna hjá Samkeppnisstofnun sjálfri í 9,7% tilvika, sem er svipað hlutfall og árið á undan. Þá átti umræða um Samkeppnisstofnun uppruna hjá almenningi í 6,7% tilvika.


Helstu málefni árið 2004




Umfjöllun í prentmiðlum var langoftast í formi fréttar eða í 65,8% tilvika. Í 13,9% tilvika var um aðsendar greinar að ræða. Þegar umfjölluninni er skipt eftir prentmiðlum var nær helmingur hennar í Morgunblaðinu eða 47,2% en 23,1% í Fréttablaðinu. Tæp 16% umfjöllunarinnar voru í DV, 9,7% í Viðskiptablaðinu, 2% í tímaritum og 1,2% í landsmálablöðum. Hjá ljósvakamiðlum voru 40,4% umfjöllunar um Samkeppnisstofnun hjá RÚV (hljóðvarpi), 24,6% hjá Stöð 2, 20,8% hjá Sjónvarpinu og 14,2% á Bylgjunni.

Helstu málefni sem komu til umfjöllunar voru málefni tengd olíumarkaði en 33,2% umfjöllunar fjölmiðla mátti rekja til þeirra. Samkeppnismál almennt komu við sögu í 11,2% tilvika, Samkeppnisstofnun sjálf í 9,8% tilvika, fjölmiðlafyrirtæki í 8,9% tilvika en önnur mál, þar með taldar verðkannanir, komu sjaldnar fyrir í umfjöllun fjölmiðla.


Umfjöllun um Samkeppnisstofnun var hlutlaus í 91,7% tilvika, jákvæð í 5,3% tilvika og neikvæð í 3% tilvika. Hlutfall hlutlausrar umfjöllunar hefur aukist jafnt og þétt síðastliðin ár. Árið 2002 var hlutfall hennar 86,7% og 89,4% árið 2003. Þá hefur jákvæð umræða aukist á kostnað neikvæðrar umræðu.



Skipting umfjöllunar eftir prentmiðlum 2004



Skipting umfjöllunar eftir ljósvakamiðlum 2004



► ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS 2004

ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

1. Erindi Allrahanda ehf. vegna svonefndra fléttuferða Kynnisferða hf. og krafa fyrirtækisins um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs.
2. Framhaldsrannsókn á kvörtun Allrahanda ehf. vegna ferða Kynnisferða hf. frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar til Reykjavíkur með viðkomu í Bláa lóninu.
3. Slagorð Hagkaupa hf., „Þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla“ og „Skemmtilegast að versla“.
4. Kvörtun Icelandair ehf. yfir auglýsingu Iceland Express ehf.
5. Ólögmaett samráð innan Lögmannafélags Íslands.
6. Erindi Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka verslunarinnar vegna breytinga Kreditkorta hf. á gjaldskrá fyrirtækisins.
7. Erindi Ferðamannaverslunarinnar Víkings ehf. vegna aðgerða Tax Free á Íslandi ehf., Rammagerðarinnar hf. og Sjóklæðagerðarinnar hf.
8. Erindi Harðar Einarssonar um meintar samkeppnishömlur Frjálsa lífeyrissjóðsins og annarra séreignarlífeyrissjóða á vegum fjármála fyrirtækja vegna ákvæða í samþykktum sjóðanna um rekstraraðila þeirra.
9. Kvörtun Lögfræðilegs mats ehf. vegna meintrar mismununar á innheimtu virðisaukaskatts.
10. Erindi Garðyrkjustöðvarinnar Grísarar ehf. er varðar rekstur Skógræktarfélags Eyfirðinga á Gróðrarstöðinni Kjarna.
11. Erindi Neytendasamtakanna í tilefni auglýsingabæklings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.
12. Erindi Videocom ehf. vegna samnings eMax ehf. og Grímsnes- og Grafningshrepps um bandbreiðar Internet-tengingar og fréttaflutnings vegna samningsins.
13. Erindi eMax ehf. vegna ADSL-tilboða Og fjarskipta hf. og Landssíma Íslands hf.
14. Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. yfir auglýsingum Sláturfélags Suðurlands svf.
15. Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. yfir auglýsingu Búðafanga ehf.
16. Kvörtun Sláturfélags Suðurlands svf. yfir auglýsingum Áburðarverksmiðjunnar hf.
17. Rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska váttryggingamarkaðnum.
18. Kvörtun Lyftararþjónustu Grindavíkur ehf. vegna viðskiptahátta Fiskmarkaðar Suðurnesja hf.
19. Samruni verslunarsviðs Tæknivals hf. við Norðurljós hf. (Skífuna hf.), Samruni Fréttar ehf. við Norðurljós, Fjárhagsleg endurskipulagning Norðurljósa.
20. Endurupptaka kvörtunar Eðalvara ehf. yfir auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands ehf. vegna úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/2003.
21. Ólögmaett samráð Kers hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverslunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Bensínorkunnar ehf.
22. Erindi líkamsræktarstöðvarinnar Hress Heilsudalurinn, Hafnarfirði, vegna leigusamnings Hafnarfjarðarbæjar við Medic Operating AB.
23. Kvörtun Tax Free á Íslandi ehf. yfir viðskiptaháttum starfsmanna Global Refund á Íslandi hf.
24. Kvörtun Hreinsitækni ehf. yfir notkun Íslenska gámafélagsins ehf. á firmaheitinu Hreinsitækni í símaskrá.
25. Kvörtun Merkingar ehf. yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is.
26. Kvörtun Drafnar Guðmundsdóttur yfir notkun Sjafnar Haraldsdóttur á firmaheitinu Icelandic art.
27. Kvörtun Landssíma Íslands hf. yfir notkun Og fjarskipta hf. á orðinu frítt í auglýsingum.
28. Kvörtun Og fjarskipta hf. yfir notkun Landssíma Íslands hf. á orðunum frítt, ókeypis og gjaldfrjálst.
29. Auglýsingar Bensínorkunnar ehf.

Álit samkeppnisráðs

1. Kvörtun Brimness hótels ehf. yfir meintri röskun Ólafsfjarðarbæjar á samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Bráðabirgðaákvæðanir Samkeppnisstofnunar

1. Krafa um að beitt verði íhlutun gagnvart Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.
2. Krafa Og fjarskipta hf. um að beitt verði íhlutun gagnvart Landssíma Íslands hf. vegna tilboðs fyrirtækisins sem gengur undir nafninu „Allt saman hjá Símanum“.

► BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR

KANNANIR	Verðmerkingar í matvöruverslunum
	Verðkönnun hjá tannlæknum
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Verðkönnun á fiski
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Rannsókn á verðmyndun tiltekinnna tegunda innflutts grænmetis í febrúar 2003 og febrúar 2004
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Verð á sumarhjólborðum og kostnaður við skiptingu
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Verðmerkingar í matvöruverslunum á Suðurlandi, Vesturlandi og Suðurnesjum
	Verðkönnun hjá hársnyrtistofum
	Óviðunandi verðmerkingar í sérverslunum
	Verðþróun á grænmeti og ávöxtum
	Verð á vetrarhjólborðum og kostnaður við skiptingu


► **REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2004**

	<i>Pús. kr.</i>
Laun	126.770
Annar rekstrarkostnaður	31.606
Stofnkostnaður	2.470
Heildarrekstrarkostnaður	160.846
Sértekjur	(23)
Mismunur	160.823

► **ÞJÓNUSTUVÍSAR ÁRIÐ 2004**

Samkeppnis- og dómsmál	173
Kannanir á gagnsæi markaðarins	57
Mál á sviði óréttmætra viðskiptahátta	365
Útgáfa	11
Erlend málefni	31

► **SKIPURIT**



► SAMKEPPNISRÁÐ

Kirstín Flygenring
Karitas Pálsdóttir
Ragnheiður Bragadóttir

Atli Freyr Guðmundsson
Ólafur Björnsson

► SAMKEPPNISSTOFNUN

Samkeppnisstofnun

samkeppni@samkeppni.is

Nöfn

Anna Birna Halldórsdóttir
Anna Dögg Hermannsdóttir
Arnar Óðinn Arnþórsson
Ásgeir Einarsson
Ásta Pálsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Georg Ólafsson
Guðmundur Sigurðsson
Guðlaugur Stefánsson
Gunnar G. Þorsteinsson
Hörður Geirlaugsson
Iðunn E. Kristinsdóttir
Kristín Færseth
Kristín Hafsteinsdóttir
Margrét Sigurmundsdóttir
Marín Ólafsdóttir
Regin Mogensen
Sigurjón Heiðarsson
Soffía G. Jónsdóttir
Sonja Egilsdóttir
Stefán Holm
Steingrímur Ægisson
Valgerður Marinósdóttir
Örn Egill Pálsson

Starfssvið

Markaðsmálasvið
Samkeppnisvið
Gagnsæi markaðar
Lagaleg málefni
Símvavarsla
Samkeppnisvið
Forstjóri
Samkeppnisvið
Hagfræðileg málefni
Stjórnsýslusvið
Gagnsæi markaðar
Skrifstofustjórn
Gagnsæi markaðar
Gagnsæi markaðar
Skrifstofustjórn
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið
Óréttmætir viðskiptahættir
Rafræn viðskipti og þjónusta
Skrifstofustjórn
Markaðsyferráð
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið
Samkeppnisvið

Netföng

abh@samkeppni.is
adh@samkeppni.is
arnar@samkeppni.is
asgeir@samkeppni.is
asta@samkeppni.is
brynja@samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
gsig@samkeppni.is
gudlaugur@samkeppni.is
gunnar@samkeppni.is
hordur@samkeppni.is
iek@samkeppni.is
kristin@samkeppni.is
kristinh@samkeppni.is
margret@samkeppni.is
marin@samkeppni.is
regin@samkeppni.is
sigurjon@samkeppni.is
soffia@samkeppni.is
sonja@samkeppni.is
stefan@samkeppni.is
steingrimur@samkeppni.is
valgerdur@samkeppni.is
orn@samkeppni.is

Umsjón: AP almannatengsl
Hönnun og umbrot: ENNEMM
Prentun: Gutenberg